




Reykjavík, 21. júlí 2026
USK25100298

Háskóli Íslands, Vísindagarðar - (fsp) Breyting á deiliskipulagi - Kristínargata 3, Eggertsgata 35 og Sturlugata 8

Lögð fram fyrirspurn Hallgríms Þórs Sigurðssonar, dags. 10. júlí 2026, ásamt bréfi, dags. 9. júlí 2026, um breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, sem felst í að tengja kjallara Djúptækni-seturs Vísindagarða Háskóla Íslands við Kristínargötu 3 og fyrirhugða byggingu við Eggertsgötu 35 ásamt því að byggja sameiginlegan ramp/aðkomu að báðum þessum kjöllum á lóð Íslenskrar Erfðagreiningar við Sturlugötu 8. Þess í stað er lagt til að fallið verði frá byggingarreit ramps á lóð Eggertsgötu 35 um Torfhildargötu, samkvæmt tillögu PLAN studio, dags. 9. júlí 2026.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Loftmynd með afmörkun lóðar J

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyra lóðirnar Kristínargata 3, Eggertsgata 35 og Sturlugata 8 miðsvæði (M), nánar tiltekið borgarhluta M5a, Vísindagarðar-Fluggarðar. Lóðirnar eru hluti af borgarhluta 2, Miðborg.

Deiliskipulag/ HverfisSKIPulag: Í gildi er deiliskipulag Háskóla Íslands, austan Suðurgötu, samþykkt 28. september 1999. Veruleg breyting á deiliskipulagi var samþykkt 18. júní 2002 og svokallað „þekkingarþorp“ afmarkað undir heitinu „Vísindagarður, svæði A-F“. Önnur veruleg breyting, „Vísindagarðar H.Í og stúdentagarðar“, var samþykkt 9. júní 2011 með síðari breytingum, þar af tvær sem fjalla sérstaklega um bílastæði á svæðinu, samþykktar 10. nóvember 2016 og 17. maí 2019.



Reykjavík



Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til tengingar kjallara Djúptækniseturs Vísindagarða Háskóla Íslands við Kristínargötu 3 og fyrirhugðaða byggingu við Eggertsgötu 35 ásamt því að byggja sameiginlegan ramp/aðkomu að báðum þessum kjöllum á lóð Íslenskrar Erfðagreiningar við Sturlugötu 8. Þess í stað er lagt til að fallið verði frá byggingarreit ramps á lóð Eggertsgötu 35 um Torfhildargötu.

Í nýlegri deiliskipulagsbreytingu samþ. 04.02.2026 (USK25100298) stækkar byggingarreitur neðanjarðar „út að Torfhildargötu til samræmis við kjallara Bjargargötu 1“ (sem er prentvilla þar sem gatan hefur verið endurnefnd Kristínargata og því hefði átt að standa þarna Kristínargata 1 eins og annars staðar). Það er misvísandi, því rétt eins og við Kristínargötu þá nær byggingarreitur ekki aðeins að Torfhildargötu heldur *undir* hana og að lóðarmörkum austan megin við hana, upp að lóðarmörkum Eggertsgötu 35. Hönnuður bendir á að því væri auðvelt að tengja væntanlegan bílakjallara Eggertsgötu 35 við bílakjallara Kristínargötu 3 og fellst skipulagsfulltrúi á þetta sjónarmið.

Í bréfi hönnuðar er haldið fram að gert sé ráð fyrir að bílaumferð að Eggertsgötu 35 fari um Sturlugötu 8. Skipulagsfulltrúi bendir á að aðkoma að Eggertsgötu 35 fer einnig um Torfhildargötu og Eggertsgötu.

Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. júlí 2025 var tekin fyrir fyrirspurn (USK25060216) sem ofangreind deiliskipulagsbreyting fylgir eftir. Þar er

óskað er afstöðu skipulagsins til að falla frá samnýtingu rampa fyrir báðar lóðirnar Bjargargötu 1 og 3 og ef slíkt kemur til greina að bæta þá við leiðbeinandi staðsetningu bílaramps á lóð frá Torfhildar-eða Eggertsgötu“ (ó dags. tillaga hönnuðar).

Þessi spurning er síðan nánar útfærð:

Hvort heldur að rampur verður samnýttur fyrir lóðir 1 og 3 eða byggður nýr rampur er óskað eftir því að skipulagi verði breytt þannig að rampur verði samnýttur fyrir lóðina Bjargargötu 3 og Eggertsgötu 35.

Í umsögn skipulagsfulltrúa segir að

spurt er um afstöðu skipulagsfulltrúa á tveimur mögulegum staðsetningum nýs bílrampa að kjallara að austan frá Torfhildargötu og sunnan frá Eggertsgötu. Best þætti lóðarhafa hins vegar að samnýta núvarandi rampa í bílakjallara Grósku á sameinuðum lóðum C og E [þarna hefði átt að standa C og F, þ.e. Grósku, nú einfaldlega lóð C, Kristínargata 1, Ó.Ö.A.], en skv. skilmálum er gert ráð fyrir samnýtingu bílrampa á svæðinu, þ.e. tveir rampar í götu á milli lóða B og E og milli lóða C og J. Enn fremur er kveðið skýrt á um kvöð um aðkomu að bílageymslu fyrir Bjargargötu 3, þ.e. samnýtingu á rampa skv. gild. mæliblaði.

og síðar að

ekki er hægt að fallast á nýja staðsetningu bílrampa í kjallara enda samrýmist það ekki fyrrgreindri þróunaráætlun dags. 7.11.2024 að fjölga rýmisfrekum steinsteypum bílörmpum umfram núverandi horf, hvort heldur í heimildum eða þegar byggðum, bæði vegna lakari umhverfisgæða og upplifunar á svæðinu og stríðir gegn Loftslagsáætlun Reykjavíkurborgar.

Ekki er tekið frekar á tillögunni í niðurstöðu umsagnarinnar öðruvísi en svo að farið er fram á að útfærð sé ítarleg greining „í formi samgöngumats með hliðsjón af samgöngumati þróunaráætlunar HÍ“ og að öðru leiti vísað til skipulagsskilmála gildandi deiliskipulags Vísindagarða. Ekki er hægt að skilja það öðruvísi en að skipulagsfulltrúi fari fram á að áfram sé gert „ráð fyrir að innkeyrsla í rampa í bílakjallara verði ... milli lóða C og J“ samkvæmt minnisblaði Eflu dags. 13.05.2016, fylgigagni með gildandi deiliskipulagi samþ. 10.11.2016 (SN160136), og að fyrir liggi að rampur í götu á milli lóða C og J tengist samnýttum bílageymslum samkvæmt sama deiliskipulagi.



Reykjavík



Veitt var umsögn nýlega vegna sama atriðis og nýjar upplýsingar hafa ekki komið fram, enda segir í ódagsettri tillögu frá 2025 að:

vegna skipulags kjallara Grósku þarf að gera breytingar á núverandi ramp svo hægt sé að samnýta hann. Svo virðist sem að fallið hafi verið frá samnýtingu í hönnunarferli Grósku án þess þó að breyta skipulagi eða lóðablaði.

sem er keimlíkt því sem kemur fyrir í þeirri fyrirspurn sem hér er til meðferðar:

Í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir að samnýta þegar byggðan ramp við Kristínargötu 1 fyrir Kristínargötu 3. Lögun rampsins gerir það hins vegar að verkum að slík samnýting kallar á talsverðar breytingar á Kristínargötu 1.

Deiliskipulag samþykkt 04.02.2026 tekur fram að „bílarampur á lóð Kristínargötu 1 verður samnýttur í samræmi við útgefið mæliblað. Í ljósi ofangreindra þriggja atriða þá er ljóst að engar nýjar upplýsingar hafa komið fram sem ætti að hafa áhrif á ákvörðun skipulagsfulltrúa. Ekki er hægt að halda fram að fallið hafi verið frá samnýtingu í hönnunarferli Grósku enda hafa ekki verið lögð fram gögn um slíkt. Þótt byggingarfulltrúi og skipulagsfulltrúi hafi samþykkt núgildandi aðaluppdrætti að Grósku samþykkt 07.02.2017 (BN051881) þá er ekki tekið fram að fallið sé frá kvöðinni né samnýtingunni.

Niðurstaða

- Í stuttu máli er neikvætt tekið í fyrirspurnina sbr. umsögn að ofan.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Óskar Örn Arnórsson

verkefnastjóri



Reykjavík